

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um ráðningar starfsmanna
atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Frá Birgi Ármannssyni.

Hvaða aðstoðarmenn, ráðgjafar eða starfsmenn í sérverkefnum, í fullu starfi eða hluta-
starfi, voru ráðnir til starfa í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, eða þeim ráðuneytum
sem áður fóru með verkefni þess, frá 1. febrúar 2009 til 31. maí 2013 án þess að störfin væru
auglýst? Óskað er eftir upplýsingum um nöfn starfsmanna, verkefni sem þeir voru ráðnir til
að sinna og lengd ráðningartíma.

Skriflegt svar óskast.